

Alþingi
Erindi nr. P 141/1784
komudagur 27.2.2013

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík 27. febrúar. 2013

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, 542. mál.

Ágætu nefndarmenn,

Síðastliðið vor breytti alþingi lögum um virðisaukaskatt sem m.a. kvað á um að framlenging var gerð á endurgreiðslu vsk. við innflutning á hópþifreiðum. Áður hafði þessi framlenging komið í lok árs sem er of seint til að hópþifreiðafyrirtækin geti sinnt endurnýjunarþörf með eðlilegum hætti miðað við gefnar forsendur. SAF hefur rætt þetta á fundum með efnahags- og viðskiptanefnd og hafa nefndarmenn verið sammála um að framlenging á endurgreiðsluákvæðinu þurfi að koma fram fyrr á árinu.


Á vorþingi 2012 var framlengingin á endurgreiðsluákvæðinu miðuð við 31. desember 2013 og þyrfti að framlengja það nú til 31. desember 2014. Þetta mun auðvelda hópþifreiðafyrirtækjunum að ákvarða og skipuleggja sína endurnýjun þar sem megnið af hópþifreiðum eru keyptir yfir vetrarmánuðina og í þeim tilfellum sem um nýjar þifreiðar er að ræða þarf að ganga frá pöntun í síðasta lagi í október.

Ástæða þess að virðisaukaskattur hefur verið endurgreiddur af hópþifreiðum er að upp úr síðustu aldamótum var komin mikil endurnýjunarþörf á hópþifreiðum. Til að gera umhverfi hópþifreiða samkeppnishæfara var brugðist við með því að breyta lögum og setja reglugerð sem tímabundið heimilaði endurgreiðslu á vsk. við innflutning á nýlegum hópþifreiðum sem búnar voru aflvélum samkvæmt ákveðnum umhverfisstaðli ESB og var sá staðall EURO2 á þeim tíma. Árið 2006 var undanþáguákvæðið alfarið bundið í lög 50/1988 og hefur verið framlengt árlega en ákvörðun um framlengingu hefur verið með síðustu verkum haustþings sem er allt of seint fyrir hópþifreiðafyrirtækin sem íhuga endurnýjun. Umhverfisstaðlinum var einnig breytt árið 2006 úr EURO2 í EURO3. Um síðustu áramót var umhverfisstaðlinum breytt aftur úr EURO3 í EURO5 sem er að mati SAF allt of brött breyting miðað við verð á slíkum þifreiðum og aldur núverandi flota hópþifreiða á Íslandi en meira en helmingur stærri hópþifreiða héraðs er framleiddur árið 1999 eða fyrr. Í gögnum sem SAF tók saman á síðasta ári kemur fram að meðalaldur hópþifreiða, fyrir 18 – 75 manns sem hafa notið undanþágu héraðs er 15,6 ár en til samanburðar má geta þess að samkvæmt upplýsingum frá systursamtökum SAF á Norðuröndum er meðalaldur sambærilegra þifreiða í Svíþjóð er 6,2 ár, í Noregi 9,4 ár og í Finnlandi 11,6 ár.

Árið 2005 var tekið upp oliugjald sem varð til þess að rekstrarkostnaður hópþifreiðafyrirtækjanna hækkaði umtalsvert á meðan aðrar greinar flutninga nutu og hafa notið ívilnana vegna hækkana á opinberum gjöldum. Ráðamenn hafa rætt um að koma með mótvægisáðgerðir til að rétta stöðu hópþifreiðafyrirtækja en því miður hefur ekkert gerst í þeim efnum.

Samtök ferðaþjónustunnar telja nauðsynlegt að til komi varanlegar mótvægisáðgerðir eins og endurgreiðsla á vsk. við innflutning á hópbifreiðum, sem rétta af samkeppnisstöðu og rekstrarumhverfi hópbifreiðafyrirtækjanna. Með þessu getur endurnýjun bifreiða átt sér stað með eðlilegum takti. SAF eru á þeirri skodun að á meðan bráðabirgðaákvæðið er í lögum er eðlilegra að það sé til lengri tíma en eins árs í senn, eins og hátturinn var á 2001 til 2006, hvort sem er í lögum eða reglugerð.

Virðingarfyllst

A handwritten signature in blue ink, which appears to read "Gunnar Valur Sveinsson". The signature is stylized and written in a cursive script.

Samtök ferðaþjónustunnar
Gunnar Valur Sveinsson